

Ár 2012, fimmtudaginn 5. júlí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Alþingi frá 18. júní 2012.

Í bréfinu er rætt um breyttar áherslur fjárlaganefndar við fjárlagagerð og óskað eftir athugasemdum sveitarstjórna ef einhverjar eru.

Bæjarráð tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar kemur fram að ekki sé rétt að fjárlaganefnd setji skorður á þau málefni sem fulltrúar sveitarfélaganna vilja koma á framfæri á fundum fjárlaganefndar. Bæjarstjóra er falið að undirbúa fund með fjárlaganefnd sé þörf á slíku.

1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 19. júní 2012.

Í bréfinu er rætt um endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna forsetakosninga 30. júní 2012.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 27. júní 2012.

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um hvernig Hveragerðisbær hyggist ná viðmiðum í samræmi við 16. grein reglugerðar nr. 502/2012.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Það er bæjarráði ánægjuefni að geta svarað bréfi Eftirlitsnefndar með vísun í þegar samþykktá þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins þar sem fram kemur að sveitarfélagið verður rekið með hagnaði árin 2012, 2013 og 2014.

Sé litið til þess tímabils sem Eftirlitsnefndin tekur nú til skoðunar þá vantar einungis 2,4 milljónir króna til þess að Hveragerðisbær standist nú þegar þá jafnvægisreglu í fjármálum sem lögfest var með reglugerð nr. 502/2012. Hlýtur slíkt að vera fagnaðarefni þar sem í sömu reglugerð er gefin 10 ára aðlögunarheimild fyrir sveitarfélögin í landinu sem bæjarfélagið þarf þar með ekki að nýta nema að litlu leyti.

Meirihlutinn lítur þannig á að með samþykkt 3. ára áætlun þar sem gert er ráð fyrir hagnaði öll árin hafi bæjarstjórn mætt þeirri kröfu um áætlunargerð sem hér er sett fram. Bæjarstjóra er falið svara erindi Eftirlitsnefndar í samræmi við framangreint.

Tillagan samþykkt af fulltrúm meirihlutans, Róbert Hlöðversson sat hjá.

1.4. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 20. júní 2012.**

Í bréfinu eru upplýsingar um úthlutun úr námsgagnasjóði en Hveragerðisbær fær úthlutað kr. 304.695.-

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Þjóðskrá Íslands frá 2. júlí 2012.**

Í bréfinu er kynnt nýtt fasteignamat sem tekur gildi 31. desember 2012. Fasteignamat fasteigna í Hveragerði hækkar um 4,7% og fasteignamat lóða hækkar um 4,9%.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. júní 2012.**

Í bréfinu er Hveragerðisbæ boðið að koma á fund mánudaginn 13. ágúst þar sem rætt verður um lög um húsmæðraorlof.

Bæjarráð fagnar því að boðað skuli til fundar um þetta málefni en bæjarstjórn hér var ein af fimm bæjarstjórnnum sem gerði athugasemdir við þetta löngu úrelða fyrirkomulag um húsmæðraorlof. Bæjarstjóra falið að sitja fundinn fyrir hönd bæjarins.

1.7. **Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála frá 21. júní 2012.**

Með bréfinu fylgdi afrit af kæru þar sem kærð er áskorun um úrbætur á mannvirkjum á jörðinni Friðarstöðum í Hveragerði.

Bæjarráð stendur við fyrri bókanir sínar um sama mál og felur skipulags- og byggingafulltrúa í samráði við bæjarstjóra og lögmann bæjarins að svara erindi nefndarinnar.

1.8. **Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 18. júní 2012.**

Með bréfinu fylgdu niðurstöður sýnatöku og eftirlits við hreinsivirki Hveragerðisbæjar og við Varmá í Hveragerði.

Lagt fram til kynningar en úrbætur á fráveitunni verða teknar til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 enda er slíkt í fullu samræmi við kröfu Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur fyrir 1. maí 2013.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. **Bréf frá Eypóri Helgasyni frá 1. júní 2012.**

Í bréfinu óskar Eypór Helgason eftir að fá að kaupa lóðina Reykjamörk 15a sem er samliggjandi eignarlóð hans að Reykjamörk 15.

Vegna sérstakra aðstæðna á þessum stað samþykkir bæjarráð að selja bréfitara lóðina Reykjamörk 15a, landnr. 171527 á kr. 200.000,- en íbúðarhús viðkomandi er staðsett á lóðunum Reykjamörk 15 og 15a og er Reykjamörk 15 eignarlóð frá fornu fari. Ótækt þykir að húseign standi á tveimur lóðum sem þar fyrir utan eru í eigu sitt hvors aðilans. Með sölunni verður bætt úr því.

3. Fundargerðir:

3.1. **Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. júní 2012.**

Liður 1. borinn upp sérstaklega og samþykktur

Liður 2. borinn upp sérstaklega og samþykktur

Liður 6. borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Liður 7. borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

3.2. **Kjörstjórnar frá 21., 29. og 30. júní 2012.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. **Samband íslenskra sveitarfélaga frá 29. júní 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)